

Nr. 33/1900: Sigurður Thóroddsen  
 gegn  
 Valdimar Ásmundssyni.

### D ó m u r:

Mál þetta höfðaði mannvirkjafræðingur Sigurður Thoroddsen fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkurkaupstaðar gegn ritstjóra Valdimar Ásmundssyni út af grein með fyrirsögninni »Andhæli« og undirskriftinni »Þórarinn Jóhannsson (verkmaður)« í XVII. árgangs 19. tölublaði blaðsins »Fjallkonan«, sem út kom 15. maí f. ár, en stefndi er útgefandi og ritstjóri téðs blaðs; taldi áfrýjandi greinina í heild sinni móðgandi fyrir sig og ýms ummæli í henni meidandi, og krafðist ómerkingar á þeim, sektar á hendur stefnda og endurgjalds á málskostnaði af hans hálfu, og var málinu ráðið til lykta með bæjarþingsdómi Reykjavíkur, uppkveðnum 13. sept. f. ár, á þá leið, að sum af hinum áttöldu ummælum voru dæmd ómerk, að stefndi var sektadur um 20 kr. til landssjóðs, en til vara var hann dæmdur til að sæta 6 daga einföldu fangelsi, ef hann eigi greiddi sektina innan ákveðins tíma, og loks var honum gjört að greiða 10 kr. í málskostnað.

Dómi þessum hefir mannvirkjafræðingur Sigurður Thoroddsen skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 14. nóv. f. ár, og hefir hann gjört þær réttarkröfur, að sektarákvæði undirdómsins verði hert eftir strangleik laganna, að öll þau ummæli, sem sóknin fyrir undirrétti krefst ómerkingar á, verði

dæmd dauð og marklaus af yfirdóminum, og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati réttarins. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, en með því að hann hefir eigi gagnáfrýjað sökinni, verður að skilja þetta svo, að hann krefjist, að bæjarþingsdómurinn sé staðfestur; þá hefir hann og gjört kröfu til málskostnaðar.

Þó að hin átalda grein í blaðinu »Fjallkonan« sé með höfundarnafni undir (Þórarinn Jóhannsson), er ábyrgðinni fyrir greinina réttilega snúið á hendur stefnda, útgefanda og ritstjóra téðs blaðs, með því að hann hefir eigi sint lögmatrí áskorun áfrýjanda um, að skýra frá því, hvar nefndur greinarhöfundur ætti heima, svo að áfrýjandi gæti leitað réttar síns gegn honum, sbr. tilsk. um prentfrelsi 9. maí 1855, 3. gr., síðasta málslið.

Áfrýjandi telur þessar klausur í áminstri blaðagrein sérstaklega meiðandi og móðgandi fyrir sig:

1. »Það er alkunnugt, að þessi ágætismaður (áfrýjandi) hefir tekið með þögn og þolinmæði flestum móðgunum, sem hann hefir orðið fyrir af ólærðum vegagjörðarverkstjórum og almenningi«; 2. »óhlutvandir menn hafa vanþakkað honum (☉: áfrýjanda) þá umsjón (☉: með brúarsmiðinni á Þjórsá), og vitna til þess, að brúin hafi fundið eystri akkeris-stöpulinn of léttvægan og því hótáð hundruðum manna bráðum bana sjálfan vígsludaginn«; 3. »og allan veturinn er hann (☉: áfrýj-

andi) hvern góðviðrisdag til sýnis á götum höfuð-  
staðarins eða tjörninni«, í sambandi við upphaf  
málgreinarinnar: »Sumum þykir S. T. vinna lítið  
fyrir kaupinu«.

Undirdómarinn hefir dæmt ómerk ummælin,  
sem talin eru við tölul. 2, og sektað stefnda fyrir  
þau, og verður það að standa óhaggað, þar sem  
málinu hefir *eigi* verið gagnáfrýjað af hálfu stefnda.  
Ummælin, sem tilgreind eru við tölul. 1, eru ekki  
ærumeiðandi, og verða *eigi* heldur álitin svo  
móðgandi, að þau varði við lög. Með ummælun-  
um, sem tilgreind eru við tölul. 3., er það gefið í  
skyn, að áfrýjandi vinni lítið fyrir kaupí því, sem  
hann þiggur, og jafnframt sagt berum orðum, að  
hann á hverjum góðviðrisdegi hafist við (»sé til  
sýnis«) á götum bæjarins eða á tjörninni. Með  
þessum orðum er áfrýjanda borið á brún iðjuleysi,  
og er þessi áburður, sem stefndi *eigi* hefir rétt-  
lætt, móðgandi fyrir áfrýjanda og til þess fallinn,  
að hnekkja virðingu hans. Verður því eftir kröfu  
áfrýjanda að dæma þessi ummæli ómerk. Hinn  
stefndi verður og að sæta sekt fyrir orð þau, sem  
dæmd hafa verið ómerk, og ákveðst sektin 30  
krónur samkvæmt 219. grein hinna almennu  
hegningarlaga 25. júní 1869, en sé sektin *eigi* öll  
greidd innan ákveðins tíma, skal hann sæta ein-  
földu fangelsi í 6 daga. Ákvæði bæjarþingsdóms-  
ins um málskostnað samþykkið. Eftir þessum  
úrslitum verður stefndi einnig að greiða máls-  
kostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Valdímar ritstjóri Ásmundsson greiði 30 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll er greidd innan ákveðins tíma. Framantalin meiddandi ummæli um áfrýjanda Sigurð Thoroddsen eiga að vera dauð og ómerk. Um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður. Stefndi greiði og sækjanda málskostnað fyrir yfirdómi að upphæð 15 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 29. aprílmánaðar.

Nr. 14/1901:

Réttvisin

gegn

Erlendi Jónssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Rangárvallasýslu, uppkveðnum 7. sept. f. ár, var hinn ákærði Erlendur Jónsson, bóndi á Giljum, dæmdur fyrir skjalafals samkvæmt 270. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta 4 sinnum 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og til að greiða allan kostnað sakamálsins gegn honum. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirdómsins bæði eftir ósk hins ákærða og af hálfu réttvisinnar.

Það er löglega sannað með eigin játningu